

1871.

24. júní.

meðalbrauðum landsins, þegar hann hafi þjónað fyr nefndu brauði vel um 8 ár.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þér birtíð það, að stjórnarráðinu finnst það ísjárvert, að láta nokkurn fá embætti í andlegri stétt, sem ekki hefir fullnægt svo hægum skilyrðum, sem þau mega kallast, er útheimtast til menntunar og lærdóms íslenzkra presta. Þetta virðist ekki mega eiga sér stað, nema standi mjög sérstaklega á, en í þessu tilfelli eru málavextir ekki þannig; stjórnarráðið finnur sér þess vegna ekki fært, að útvega stiptsyfirvöldunum myndugleika til þessa.

26. júní.

50. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um bóka gjöf eptir sèra Þorgeir Guðmundsson til stiptsbókasafnsins á Íslandi.

Ekkja eptir sèra Þorgeir Guðmundsson, prest að *Nysted* og *Herritslev* á Lálandi, hefir skýrt stjórnarráðinu frá, að maður sinn heitinn hafi ákveðið, að bókasafn hans skyldi eptir hans dag vera eign stiptsbókasafnsins á Íslandi, og hefir hún mælt til, að fá aðstoð stjórnarráðsins til að koma bókunum þangað.

Um leið og vèr sendum yður, herra stiptamtmaður, og yður, háæruverðugi herra, bókasafn þetta í sex kössum, merktum »Ísland«, ásamt með bókaskrá og brèfi í umslagi til forstöðumanna stiptsbókasafnsins, skal því við bætt, að borga má flutningskaupið af því fè, sem til tekið er í 11. gr. í fjárhagsáætlun Íslands fyrir 1871—72, og hefir landfógeta í dag verið skrifað að láta af hendi þetta fè, er þér heimtið það; stjórnarráðið býst við, að fá vitneskju um, að þér hafið tekið við bókasafninu, og um það, hve mikið verði goldið fyrir flutninginn á bókunum.